



Mánaðamót

3. nóvember 2025
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – nóvember 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. nóvember	4 JBT-Marel birtir uppgjör	5 Kvika banki og Sýn birta uppgjör	6 Oculis birtir uppgjör Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka	7 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
10 Skráð atvinnuleysi (VMST) Reitir birta uppgjör	11 Brottfarir um Leifsstöð (FMST) Eimskip birtir uppgjör	12 Væntingakönnun markaðsaðila Alvotech birtir uppgjör	13 Iceland Seafood birtir uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum	14 Amaroq birtir uppgjör
17 Kaldalón birtir tilkynningu	18 Greiðslumiðlun í október (SÍ) Vísitala íbúðaverðs í október (HMS)	19 Vaxtaákvörðun og útgáfa <i>Peningamála (SÍ)</i> Vísitala leiguverðs í september (HMS) Verðbólga í Bretlandi	20 Mánaðarskýrsla hagdeildar (HMS) Brim og Hampiðjan birta uppgjör	21 Vísitala launa í september (HAG)
24	25	26	27 Vísitala neysluverðs í nóvember (HAG) Vöru- og þjónustujöfnuður f. 3F (HAG) Gistinætur í október (HAG) Síldarvinnslan birtir uppgjör	28 Þjóðhagsreikningar f. 3F (HAG) Ísfélagið birtir uppgjör




Verðbólga

Verðbólga jókst úr 4,1% í 4,3% í október. Fyrir birtingu októbertölunnar hafði verðbólgan haldist á milli 3,8% og 4,2% síðan í febrúar, en skaust nú rétt yfir þetta bil. Verðbólga án húsnæðis jókst á milli mánaða og það sama má segja um árshækkun allra þriggja kjarnavísitalnanna. Þetta bendir til þess að undirliggjandi verðbólga hafi aukist.


Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Vísitalan hækkaði um 0,47% á milli mánaða, sem er nokkuð umfram spá okkar um 0,39% hækkun. Ýmsir undirliðir hækkuðu meira en við bjuggumst við, svo sem reiknuð húsaleiga, tómstundir og menning og matur og drykkjarvörur. Það kom einna helst á óvart að flugfargjöld til útlanda hækkuðu mun minna en við spáðum og að verð á hótél- og veitingastaðþjónustu lækkaði þvert á spána.

Framlag undirliða í október



Októbermælingar VNV

Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Ársverðbólga jókst um 0,2 prósentustig á milli mánaða í október. Framlag innfluttra vara og reiknaðrar húsaleigu til ársverðbólgu jókst, en framlag flugfargjalda til útlanda dróst saman. Framlag annarra undirliða breyttist lítið.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting á milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.

Heimild: Hagstofa Íslands




Horfur næstu mánuði

Við gerum nú ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,09% í nóvember, hækki um 0,43% í desember og lækki um 0,13% í janúar. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 4,3% í nóvember og desember og 4,5% í janúar. Spáin er hærri en síðasta spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni sem skýrist aðallega af tvennu. Í fyrsta lagi var verðbólga í október meiri en við bjuggumst við og tólf mánaða takturinn verður því áfram hærri næstu mánuði. Hitt er breytt gjaldtaka af ökutækjum sem tekur gildi um næstu áramót.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga




Stýrivextir

Næsta vaxtaákvörðun verður kynnt miðvikudaginn 19. nóvember. Peningastefnunefnd var einhuga um að halda vöxtum óbreyttum á síðustu tveimur fundum. Við teljum að í ljósi aukinnar verðbólgu, og ekki síst aukinnar undirliggjandi verðbólgu, séu nær engar líkur á vaxtalækkun. Langlíklegast þykir okkur að vöxtum verði áfram haldið óbreyttum.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS			9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði tók að minnka eftir að dómur Hæstaréttar í vaxtamálinu féll þann 14. október. Það skaust svo aftur upp þegar verðbólgutala októbermánaðar var birt. Álagið til tveggja ára var örlítið meira í lok mánaðar en undir september og það sama má segja um álagið til fimm ára. Álagið til tíu ára minnkaði í mánuðinum.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Núna, fyrir mánuði og fyrir ári síðan




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur haldist á þröngu bili það sem af er ári, á milli 3,5% og 3,7%. Raunvextir, hvort sem miðað er við liðna verðbólgu eða meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar, hafa lækkað það sem af er ári.

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára, niðurstaða úr væntingarkönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár, væntinga heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,53% á milli mánaða í september. Varast ber að túlka hækkunina sem aukinn verðþrýsting á markaðnum enda var hún drifin áfram af sérbyli á höfuðborgarsvæðinu sem hækkaði um 2,9%. Vegna þess hversu sérbyli eru hlutfallslega dýr geta fá stór sérbyli haft mikil áhrif á sveiflur í vísitölunni. Áfram dregur úr árshækkun vísitölunnar, en hún fór úr 2,2% í ágúst niður í 0,79% í september.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Velta skv. VSK-skýrslum

Velta skv. VSK-skýrslum dróst saman á milli ára að raunvirði á VSK-tímabilinu júlí-ágúst. Takmörkuð gögn bárust frá aðilum í farþegaflutningum, væntanlega vegna gjaldþrots Play, sem skýrir samdrátt í ferðaþjónustu. Velta í sjávarútvegi jókst á milli ára og framleiðsla á málum dróst verulega saman. Í innlenda hagkerfinu jókst velta í bílaiðnaði, smásöluverslun og fasteignaviðskiptum, en velta í heildverslun og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð dróst saman á milli ára.




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 3,5% í september og jókst um 0,1 prósentustig á milli mánaða. Atvinnuleysi var 0,2 prósentustigum meira í september síðastliðnum en í september í fyrra. Ársbreytingin hefur verið svipuð síðustu mánuði.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 7,6% á milli ára í september að raunvirði. Þar af jókst hún um 22,4% erlendis og innanlands um 3,5%. Verulega aukin kortavelta Íslendinga erlendis rímar vel við stórfellda fjölgun utanlandsferða á þessu ári. Það sem af er ári hafa utanlandsferðir Íslendinga verið um 20% fleiri en á sama tíma í fyrra. Á sama tíma og kortavelta hefur aukist og utanlandsferðum fjölgað hafa innlán heimila aukist talsvert. Samhliða virðist tiltölulega lítið um yfirdrátt sem er einnig merki um að heimilin standi vel.



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 5,9 mö.kr. í september. Hrein ný verðtryggð lán námu 7,3 mö.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum var 1,3 ma.kr. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í september verða birt þriðjudaginn 4. nóvember. Næstu misseri verður vert að fylgjast með hvort skipting íbúðalána á milli banka og lífeyrissjóða taki breytingum í kjölfar breytts framboðs vegna dómsins í vaxtamálinu.




Staðan í ferðapjónustu

Um 224 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í september, 0,5% fleiri en í september í fyrra. Það sem af er ári hafa brottfarir erlendra ferðamanna verið 2,8% fleiri en á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis dróst saman um 6,6% á milli ára á föstu verðlagi en jókst um 5,4% á föstu gengi. Gistinóttum útlendinga á hótélum fjölgaði um 11,2% milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan veiktist nokkuð skarpt undir lok október þegar erlendir aðilar seldu ríkisskuldabréf. Hugsanlega hafa þeir talið horfur á vaxtalækkun eftir fregnir af bilun hjá Norðuráli á Grundartanga og þar með búið við minnkandi vaxtamun. Væntingar um vaxtalækkun urðu líklega að engu þegar verðbólgutala októbermánaðar var birt í síðustu viku og því verður áhugavert að fylgjast með gengisþróun næstu daga og vikur. Í lok mánaðarins stóð evran í 144,8 (+2,4 krónur m.v. lok september) og bandaríkjadalur í 125,3 (+4,0 krónur m.v. lok september).




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Fyrir utan reglubundin kaup greip Seðlabankinn ekki inn á markaðinn í október. Seðlabankinn keypti evrur fyrir 7,2 ma.kr. á tímabilinu 1.-29. október og það sem af er ári hefur hann keypt evrur fyrir 65,6 ma.kr. Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóðanna á gjaldeyri fyrstu átta mánuði ársins námu 23,6 mö.kr., sem er tæplega helmingur af kaupum þeirra á sama tímabili í fyrra.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í október

2. október: Hagsjá: Þrálát verðbólga kallar á óbreytta vexti

16. október: Hagsjá: Spáum 4,2% verðbólgu í október

22. október: Hagspá: Kólnandi kerfi en kraftmikil neysla

30. október: Hagsjá: Verðbólga jókst umfram væntingar

31. október: Hagsjá: Minnkandi spenna á vinnumarkaði og minni fólksfjölgun

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

